

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

*Breyting á deiliskipulagi golfvallarsvæðis úr landi Minni-Borga.*

Í breytingunni felst að fallið er frá uppbyggingu frístundahúsa sem fyrirhuguð voru á tveimur svæðum innan golfvallarins (Móaflöt og Tjaldhólar) og ekki er lengur gert ráð fyrir byggingarreitum undir sér golfskála við bílastæði né æfingaskýli og áhaldahús á æfingasvæðinu. Í staðinn er nú gert ráð fyrir lóð undir hótél og gistihús ásamt tilheyrandi bílastæðum á vesturhluta svæðisins auk áhaldahúss á miðju golfvallarsvæðinu.

Samþykkt í sveitarstjórn 5. desember 2012.

Samsvarandi breyting á deiliskipulagi var samþykkt í sveitarstjórn 20. júní 2012 og birtist auglýsing um gildistöku hennar í B-deild Stjórnartíðinda 3. október, nr. 796/2012. Sú breyting er ekki í gildi þar sem það liðu meira en þrjú mánuðir frá endanlegri afgreiðslu sveitarstjórnar og þar til auglýsing birtist í Stjórnartíðindum.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 17. desember 2012.*

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

**Pétur Ingi Haraldsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 18. desember 2012